

## A 1865/kultur

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur miðjumanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga um að draga úr lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að dregið verði úr lokun höfundarréttarvarins efnis í stafrænum sjónvarpssendingum milli Norðurlandanna, líkt og lagt er til í skýrslunni „Nordisk tv på tværs af grænsen“.

**Bakgrunnur**

Heppilegasta leiðin til að stuðla að auknum norrænum tungumála- og menningarskilningi er með gagnkvæmum aðgangi að sjónvarpssendingum, jafnt línulegri dagskrá sjónvarps sem sjónvarpsefni á streymisveitum. Einnig er mikil eftirspurn eftir norrænu sjónvarpsefni, jafnt heima fyrir sem erlendis.<sup>[1]</sup> Enn þann dag í dag er erfitt að nálgast sjónvarpsefni frá nágrannalöndunum, þar á meðal streymisþjónustu og fréttasendingar, vegna lokunar höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum. Fjarlægja ber þessar stjórnsýsluhindranir svo íbúar Norðurlanda fái aðgang að dagskrá annarra landa. Skipulagið á að sjálfsgöðu að virða rétthafa efnis svo þeir hljóti réttmæta greiðslu sína. Á sama tíma munu þeir fá tækifæri til að ná til mun stærri markhóps á Norðurlöndunum öllum.

Flokkahópur miðjumanna hefur áður (2017) lagt fram þingmannatillögu um að afnema lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum. Á grundvelli þessa pantaði Norræna ráðherranefndin rannsókn sem unnin var af ráðgjafarfyrtækinu „Lauritzen Consulting“. Í skýrslunni „Nordisk tv på tværs af grænsen“ frá janúar 2019 eru lagðar fram fimm tillögur að því hvernig megi draga úr lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hrindi í framkvæmd tillögunum fimm í skýrslunni „Nordisk tv på tværs af grænsen“:

Tillaga 1: Almannaþjónustumiðlarnir ættu aðeins að loka fyrir höfundarvarið efni eftir svæðum þar sem nauðsyn krefur.

Tillaga 2: Hægt er að auka og þróa samstarfið í Nordvision um samframleiðslu og

---

<sup>[1]</sup> <https://www.filmtake.com/streaming/streaming-in-scandinavia/>



miðlun þátta, þar með talið Nordic 12.

Tillaga 3: Áframhaldandi þróun á framboði sjónvarpsdreifingaraðila á sjónvarpsefni frá nágrannalöndunum.

Tillaga 4: Norrænu ríkin geta tryggt ramma um höfundarrétt sem myndar grunn að endurdreifingu gegnum streymisþjónustu.

Tillaga 5: Norrænu löndin ættu að innleiða væntanlega breytingu á gervihnatta- og kapaltílskipun ESB eins fljótt og hægt er.

Fjarfundur 25. janúar 2021

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Kolbrun Arnadóttir (Mifl)*

*Arman Teimouri (L)*

*Bertel Haarder (V)*

*Edmund Joensen (sb)*

*Erling Bonnesen (V)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Inga Sæland (Flf)*

*Janine Alm Ericsson (MP)*

*Jaspur Langgaard (sb)*

*Joakim Strand (sv)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Linda Modig (C)*

*Magnus Ek (C)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Ole André Myhrvold (Sp)*

*Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)*

*Simon Holmström (HI)*

*Torhild Bransdal (KrF)*